

# HVAÐ SEGIR MAMMA?



## BÖRN AF ERLENDUM UPPRUNA Í KVENNAATHVARFINU

Drífa Jónasdóttir  
Jenný Kristín Valberg  
Samtök um Kvennaathvarf

## EFNISYFIRLIT

### Um verkefnið

Aðdragandi verkefnis  
Aðferð  
Markmið  
Gildi

### Inngangur

Ofbeldisreynsla kvennanna  
Erlendar konur með börn í athvarfinu  
Um börnin í athvarfinu.  
Lífsgæði barna

### Aðstoð í boði

Heilbrigðisstofnanir, mæðravernd  
Skólakerfið  
Barnavernd

### Spurningarlistinn – yfirlit breyta

Bakgrunnsspurningar  
Ofbeldi sem barn hefur búið við á heimili sínu  
Lífsgæði barns  
Aðstoð við barnið og/eða móður vegna heimilisofbeldis

### Niðurstöður

Bakgrunnsspurningar  
Ofbeldi sem barn hefur búið við á heimili sínu  
Lífsgæði barns  
Aðstoð við barnið og/eða móður vegna heimilisofbeldis

### Fjármögnun

### Börn af erlendum uppruna í Kvennaathvarfinu – hvað segir mamma?

Ábyrgðaraðili: Sigprúður Guðmundsdóttir. Framkvæmdastýra - Samtök um kvennaathvarf

Unnið af: Drífa Jónasdóttir, verkefnastýra og Jenný Kristín Valberg, ráðgjafi - Samtök um kvennaathvarf

Útgáfustaður: Reykjavík, september 2020

Prentað af: Háskólaprent. Umhverfissvottuð prentsmiðja.

Útgefandi: Samtök um kvennaathvarf [www.kvennaathvarf.is](http://www.kvennaathvarf.is)

© Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti.

Verkefnið var fjármagnað með styrk frá Félags-og barnamálaráðuneytinu; Þróunarsjóði innflytjendamála.



## Erlendu börnin í Kvennaathvarfinu – hvað segir mamma?

Börn af erlendum uppruna á ofbeldisheimilum á Íslandi;

Þjónusta frá mæðravernd, skólanum og barnavernd

### UM VERKEFNIÐ

Aðdragandi verkefnis:

Það er vitað hvar í íslensku samfélagi börn eiga að hafa snertiflöt við kerfið. Með orðinu *kerfið* er hér átt við heilbrigðiskerfið (hér verður áhersla á mæðravernd), skólakerfið (hér verður áhersla á leik-og grunnskóla) og barnavernd. Kerfið er hugsað til þess að grípa inn í og aðstoða börnin, meðal annars þau börn sem búa við ofbeldi á heimili sínu. Í fullkomnum heimi myndu viðvörunarljós kerfisins loga á réttum stöðum og gripið yrði inn í málin í tæka tíð sem hefði síðan farsælan endi í för með sér. Því miður virðast mörg ljós annað hvort ekki kvikna eða þau fara í gang en enginn sér þau loga eða enginn veit hvað á að gera til að bregðast við ljósunum. Stundum loga ljósin skært alla barnæskuna, án aðkomu kerfisins. Margar ástæður gætu verið fyrir því og mikilvægt er að skilja hvernig má gera betur. Í Kvennaathvarfið leita konur sem oft á tíðum eiga börn og hluti kvennanna er af erlendum uppruna. Börn þessara kvenna eru því í þeirri stöðu að vera bæði af erlendum uppruna, sem hefur sína kosti og galla, en búa líka við heimilisofbeldi. Til þess að reyna að skilja betur hvernig mæður af erlendum uppruna sem búa við heimilisofbeldi hafa nýtt sér þjónustu kerfisins fyrir börnin sín voru skoðuð mál fimmtán barna af erlendum uppruna, sem leituðu í Kvennaathvarfið á tólf mánaða tímabili á árunum 2019 og 2020. Með börnum af erlendum uppruna er hér átt við börn sem eiga mæður sem skilgreina sig af erlendum uppruna. Sum barnanna voru fædd á Íslandi en önnur voru fædd erlendis, sum eiga jafnframt föður af erlendum uppruna en sum eiga íslenskan föður. Þar af leiðandi getur bakgrunnur þeirra og staða verið ólík.

Aðferð:

Hér er einungis um að ræða sértæka samantekt á stöðu barna í neyðarathvarfi, samantekt sem engu að síður varpar ljósi á stöðu mála þessara barna á Íslandi í dag.

Byrjað var á að gera athugun varðandi verklag í heimilisofbeldismálum hjá mæðravernd, í nokkrum leik-og grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu og hjá Barnavernd Reykjavíkur. Til að kanna hvernig málin standa hjá erlendu börnunum sem koma í Kvennaathvarfið voru tekin eigindleg viðtöl við mæður fimmtán barna sem dvöldu í Kvennaathvarfinu á tímabilinu 1. júní

2019 til 1. júní 2020. Teknar voru saman bakgrunns upplýsingar um móður og barn, spurt var um tegund ofbeldis sem barn hefur orðið fyrir á heimili sínu, tengsl við ofbeldismann og tíðni ofbeldisins. Mæðurnar voru spurðar hvort mæðravernd leik/grunnskóli og/eða barnavernd vissu af því að barnið byggi á ofbeldisheimili. Þær voru í kjölfarið, ef við átti, spurðar hver hefði verið aðstoð/þjónusta ofangreindra aðila við barnið vegna ofbeldisins á heimilinu. Að lokum var leitast við að meta lífsgæði barnsins með spurningum um t.d. vini, félagslíf og þátttöku í tómstundum.

#### Markmið:

Skoða nánar stöðu 0 – 17 ára barna af erlendum uppruna sem dvöldu í Kvennaathvarfinu vegna þess að þeim var ekki stætt á að búa á heimili sínu vegna ofbeldis. Þessari samantekt er ætlað að varpa ljósi á bakgrunn barnanna og reynslu þeirra af ofbeldi sem og á þá aðstoð sem barnið hefur fengið hjá kerfinu vegna ofbeldisins.

#### Gildi:

Verkefnið er fyrsta samantektin af nákvæmlega þessu tagi á Íslandi. Ef engin slík gögn eru til staðar getur verið erfitt að vita hvernig á að bæta þjónustu af þessum toga, bera saman við börn af íslenskum uppruna, kanna hvar megi stytta eða einfalda boðleiðir í kerfinu, hvað þarf að laga og hvað er gott í núverandi mynd.

## INNGANGUR

Mörg börn á Íslandi búa á ofbeldisheimili; lögreglan hefur komið á vettvang ofbeldisins, þau hafa þurft að flýja heimili sitt og flytja tímabundið í neyðarathvarf, tilkynning hefur verið send til barnaverndar og skólinn veit af ástandinu. Því miður er það samt ekki alltaf þannig að barnið fái viðeigandi þjónustu eða annars konar hjálp. Hvorki frá kerfinu né þeim fagaðilum sem stöðu sinnar vegna eiga að koma til aðstoðar vegna þess að barnið býr á ofbeldisheimili.

Vonast er til að skýrslan sem hér er sett fram varpi ljósi á þá stöðu sem börnin okkar í Kvennaathvarfinu búa við.

### **Ofbeldisreynsla kvenna sem leita í athvarfið**

Konur sem koma í viðtal eða dvöl í athvarfið eru beðnar að lýsa tegund ofbeldis sem þær hafa verið beittar. Samkvæmt ársskýrslu Kvennaathvarfsins fyrir árið 2019 þá nefndu nær allar konurnar andlegt ofbeldi (93%) en þar á eftir nefndu konur líkamlegt (60%), fjárhagslegt (48%) og kynferðislegt ofbeldi (37%). Meira en þriðjungur nefndu ofbeldi gegn börnum (35%) sem eina tegund ofbeldis og þ.a.l. ástæðu þess að þær væru komnar í athvarfið. Sömuleiðis hefur rúmur fjórðungur kvennanna eða 26%, fengið morðhótun frá ofbeldismanninum og 25% hafa verið teknar kyrkingartaki. Athugið að kona getur nefnt fleiri en eina tegund ofbeldis og því er samanlagt hlutfall svara hærra en 100%.

Umfang heimilisofbeldis: Stór hluti þeirra kvenna sem þarf að þola andlegt ofbeldi, býr við slíkt í hverri viku eða oftár eða 77%. Um 18%, af þeim sem höfðu reynslu af líkamlegu ofbeldi voru beittar því einu sinni í viku eða oftár og 26% af konunum sem höfðu reynslu af kynferðislegu ofbeldi, voru beittar því í hverri viku eða oftár.

Í ljósi tegundar og umfangs ofbeldis er vert að skoða afleiðingar þess og framgang mála innan kerfisins.

Rúmur helmingur kvennanna (53%) sem kom í athvarfið á árinu 2019 hafði hlotið áverka einhvern tímann í sambandinu og 23% dvalarkvenna voru með áverka á líkamanum við komu í Kvennaathvarfið. Alls sögðu 42% kvenna að lögreglan hefði komið á vettvang vegna ofbeldis gegn sér. Rúmur helmingur (54%) kvenna sem kom í viðtal eða dvöl á árinu 2019 höfðu óttast um líf sitt vegna þess ofbeldis sem þær höfðu verið beittar. Þrátt fyrir hátt hlutfall kvenna sem hefur fengið áverka, óttast um líf sitt og fengið lögreglu á vettvang heimilisofbeldis, sögðust samt sem áður einungis 15% hafa kært núverandi geranda vegna þess ofbeldis sem hann hafði beitt konuna. Einungis 5% kvennanna höfðu fengið nálgunarbann og 5% höfðu fengið neyðarhnapp.

## Erlendar konur með börn í dvöl í athvarfinu

Á árinu 2019 komu konur frá alls 51 landi í athvarfið. Heildarhlutfall erlendra kvenna sem komu í annað hvort dvöl eða viðtöl í athvarfinu árið 2019 var 33%. Hlutfall erlendra kvenna sem komu í dvöl á árinu 2019 var 49%. Hlutfall erlendu kvennanna í viðtöl og dvöl endurspeglar ekki endilega umfang heimilisofbeldis í garð erlendra kvenna á Íslandi almennt. Hátt hlutfall erlendra kvenna í dvöl gæti skýrst af því að erlendar konur hafa síður í önnur hús að venda, miðað við þær íslensku.

Á árinu 2019 komu alls 35 erlendar konur, sem einnig voru mæður, í dvöl í athvarfið með samtals 53 börn. Þær komu frá 21 landi; meðal annars frá Bandaríkjunum, Brasilíu, Búlgaríu, Írak, Kína, Litháen, Perú, Portúgal, Póllandi, Slóvakíu, Svíþjóð, Tékklandi og Víetnam. Alls höfðu 36% kvennanna komið áður í dvöl, helmingur þeirra var í fullu starfi eða hlutastarfi (50%) og 12% voru í fæðingarorlofi þegar þær þurftu að koma í dvöl í athvarfið. Alls voru 24% erlendu mæðranna í dvöl á árinu 2019 með áverka á líkamanum við komu og 63% kvennanna höfðu einhvern tímann fengið áverka vegna ofbeldis af hálfu mannsins sem þær voru að flýja. Áverkarnir sem konurnar nefndu voru mar á hálsi og handleggjum, mar útum allan líkamann, fingurbrot, tannarbrot, mar á fæti, höfuðáverkar, marblettir, för á hálsi eftir kyrkingartak, bólgur á kinnbeinum, mar á öxl og mar á baki.

Gerendurnir voru í 42% tilfella íslenskir, 71% var núverandi maki og 23% voru fyrrverandi maki. Alls voru 9% erlendu kvennanna sem komu með börn í dvöl á árinu barnshafandi þegar þær komu í athvarfið. Samkvæmt ársskýrslu athvarfsins fyrir sama ár var hlutfall barnshafandi kvenna sem leitaði í athvarfið í dvöl eða í viðtöl mun lægra eða 2%. Hlutfall kvenna sem fer aftur heim til ofbeldismanns að dvöl lokinni, hvort sem er íslensk eða erlend, með barn eða ekki var 13% skv. ársskýrslu athvarfsins 2018 og 15% skv. ársskýrslu 2019. Miðað við þessi hlutföll virðist hærra hlutfall erlendra kvenna, með börn, fara aftur heim til ofbeldismannsins að dvöl lokinni eða næstum því fimmtungur (19%). Sjá töflu hér fyrir neðan.

Annað	19%
Heim til ofbeldismanns	19%
Ættingjar/vinir	19%
Nýtt húsnæði	12%
Úr landi	12%
Ekki vitað	8%
Heim, ofbeldismaður bjó ekki þar	8%
Heim, ofbeldismaður farinn	4%

Tafla 1. Afdrif erlendra kvenna sem komu með börn með sér í dvöl í Kvennaathvarfið á árinu 2019.

## Um börnin í athvarfinu


Allar konurnar sem komu í dvöl og viðtöl í Kvennaathvarfið á árinu 2019 voru spurðar: „*hversu mörg börn undir 18 ára aldri búa á heimilinu með ofbeldismanninum og hafa þar fasta búsetu?*“. Alls greindi 191 kona frá því að börn byggju á ofbeldisheimili og í heildina bjuggu 349 börn á þessum ofbeldisheimilum. Af þeim 191 konum sem svöruðu játandi spurningunni um börn sem búa á ofbeldisheimili sögðu 97 konur (51% kvennanna) að barnaverndartilkynning hefði verið send vegna heimilisofbeldis, 36% kvennanna sögðu „nei“ við spurningu um barnaverndartilkynningu og 13% sögðu að spurningin ætti ekki við eða að þær vissu ekki hvort tilkynning hefði verið send.

Af konunum sem 144 komu í dvöl í Kvennaathvarfið á árinu 2019 voru 44% þeirra með börn með sér. Alls dvöldu 100 börn í athvarfinu á árinu 2019 og rúmur helmingur þeirra er erlendur. Það eru þessi erlendu börn sem við viljum vita meira um, annars vegar hvaða þjónustu þau fá í kerfinu vegna ofbeldis á heimilinu og hver eru lífsgæði þeirra. Hér er yfirlit um fjölda barna, meðallengd dvalar, fjölda barna í dvöl á dag og hlutfall kvenna með börn í dvöl í Kvennaathvarfinu á árunum 2014 – 2019.

Ár	Fjöldi barna í dvöl	Meðaltalsfjöldi dvalardaga	Meðaltalsfjöldi barna á dag	Hlutfall kvenna með börn í dvöl
2019	100	39	11	44%
2018	70	32	6	38%
2017	103	35	10	41%
2016	79	41	9	43%
2015	74	20	4	40%
2014	84	19	4	49%
<b>Meðaltal</b>	85	31	7	43%

Tafla 2. Samantekt um börn í dvöl í Kvennaathvarfinu síðastliðin sex ár.

Það er breytilegt milli ára hversu mörg börn á Íslandi flýja með mæðrum sínum í neyðarathvarf vegna ofbeldis á heimili. Síðastliðin sex ár (2014-2019) hafa að meðaltali 85 börn á ári dvalið í Kvennaathvarfinu í lengri eða skemmri tíma. Flest börnin sem dvöldu í athvarfinu á árinu 2019 voru á aldrinum núll til fimm ára eða 64%. Eins og sjá má á mynd 1 var fjölmennasti aldurshópurinn tveggja ára börn, en alls dvöldu 24 tveggja ára börn í athvarfinu árið 2019. Sum börnin koma beint af fæðingardeildinni því ekki er talið óhætt fyrir móður að fara heim til sín með nýfætt barnið. Sjá mynd af aldursdreifingu allra barnanna sem dvöldu í athvarfinu árið 2019.



Mynd 1. Aldursdreifing barna sem dvöldu í Kvennaathvarfinu á árinu 2019.

### Lífsgæði barna

Hægt er að meta lífsgæði barna með ýmsu móti, svo sem með spurningum um þátttöku í reglulegu tómstundastarfi, félagslegri þátttöku, heilsuvernd, aðbúnaði, næringu, menntun og atvinnustöðu foreldra sem og á fjárhagslegum þáttum. Hér verður leitast við að meta lífsgæði erlendu barnanna í athvarfinu með því að skoða félagslega þátttöku þeirra svo sem þátttöku í tómstundum eins og íþróttum eða tónlist, hvort barnið eigi vini í leik/grunnskólanum og hvort barnið eigi einhvern að sem það getur talað við.

### Þjónusta í boði

Hér verður stuttlega farið yfir þá þjónustu sem ætti að vera í boði á Íslandi fyrir þau börn sem búa við heimilisofbeldi, fyrst þjónustu hjá heilbrigðiskerfinu (mæðravernd), svo skólakerfinu og að lokum hjá barnavernd. Ákveðið var að beina athygli að þessum þremur hlutum kerfisins en ekki skoða öll þau mögulegu kerfi og þjónustu sem ætti að bera ábyrgð á að aðstoða börn sem búa á ofbeldisheimilum, s.s. félagsþjónustan, æskulýðs-og frístundastarfsemi, lögreglan, sjúkrahús, dagmæður, starfsfólk menntaskóla og fleiri.



## ÞJÓNUSTA Í BOÐI

**1) HEILBRIGÐISKERFIÐ - Mæðravernd**

Kannað var hvort til væru leiðbeiningar eða verkferlar varðandi skimun og skráningu heimilisofbeldismála hjá heilbrigðisstofnunum, sjúkrahúsum og heilsugæslum, nánar tiltekið í mæðravernd. Svo virðist sem almennt eigi að notast við leiðbeiningarnar „*Klínískar leiðbeiningar; Ofbeldi í nánnum samböndum. Mat og viðbrögð*“ sem gefnar voru út af Landspítala í nóvember 2012. Öllum ljósmæðrum sem starfa í mæðravernd stendur til boða að fá fræðslu og leiðbeiningar um hvernig skuli spyrja um ofbeldi í nánnum samböndum.

Í leiðbeiningunum er notast við eftirfarandi skilgreiningu á ofbeldi í nánnum samböndum:


*„Ofbeldi sem einstaklingur verður fyrir, eða hefur orðið fyrir, af völdum sambýlisaðila eða þess sem hann er í nánnum sambandi við. Ofbeldið getur verið líkamlegt, andlegt og/eða kynferðislegt og felur í sér valdbeitingu eða hótun um valdbeitingu. Það dregur úr þrótti þolandans með því að auka á félagslega einangrun og takmarka persónufrelsi hans og aðgengi að stuðningsúrræðum. Ofbeldið veldur oft, en þó ekki alltaf, líkamlegum áverkum.“*

[Hér er hlekkur á leiðbeiningarnar í heild sinni](#)

[https://www.heilsugaeslan.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=a8160e64-68b3-11e8-941d-005056bc0bdb&fbclid=IwAR0FTqU7c-JjRK\\_CYMBtQ037fr7OO1b9bvAlluYwfq4IJMBi4e52t5jmiCg](https://www.heilsugaeslan.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=a8160e64-68b3-11e8-941d-005056bc0bdb&fbclid=IwAR0FTqU7c-JjRK_CYMBtQ037fr7OO1b9bvAlluYwfq4IJMBi4e52t5jmiCg)

Til að gefa hugmynd um hvernig kerfið á að virka í mæðravernd þegar kemur að skimun ofbeldis þá er hér texti úr Klínísku leiðbeiningunum og myndir til skýringar:


*„Fyrsta ferlið er skimunarviðtal sem tekið er við hverja konu, 15 ára og eldri, við komu á þær heilbrigðisstofnanir eða sjúkradeildir sem hafa tekið leiðbeiningarnar í notkun. Hver deild og stofnun setur vinnureglur um hvaða vísbendingum skuli fylgt þegar ákveðið er hvort leiðbeiningarnar skuli notaðar við móttöku karlkyns skjólstæðinga. Ef skjólstæðingurinn hefur verið beittur ofbeldi en býr ekki við það í dag skal fylgja vinnuferli II. Ef skjólstæðingurinn er enn þolandi er fylgt ferli III.“*



Mynd úr Klínískar leiðbeiningar; Ofbeldi í nánnum samböndum. Mat og viðbrögð:


Skimunarviðtalið þar sem á að ræða við þolanda í einrúmi og meðal annars að útskýra fyrir honum að skimunarviðtalið sé fastur liður í heilbrigðismati allra sem koma á heilbrigðisstofnunina. Á næstu síðu er yfirlit vinnuferlis II (saga um ofbeldi en ofbeldið ekki lengur til staðar) og þar næst kemur yfirlit vinnuferlis III (þolandi býr við ofbeldi).

Samkvæmt vinnuferli II þegar er saga um ofbeldi en ekki lengur til staðar skal eftirfarandi gert:



Mynd úr Klínískar leiðbeiningar; Ofbeldi í nánnum samböndum. Mat og viðbrögð.

Samkvæmt vinnuferli III þegar þolandi býr við ofbeldi skal eftirfarandi gert:



Mynd úr Klínískar leiðbeiningar; Ofbeldi í nánnum samböndum. Mat og viðbrögð.

Starfsfólk heilbrigðisstofanna, sjúkrahúsa og heilsugæsla skal jafnframt skrá ofbeldið á ákveðinn máta:

### Skráning

#### Hjúkrunargreining

- **Röskun á fjölskyldulífi vegna heimilisofbeldis: (tilgreinið: líkamlegt, kynferðislegt, og/eða andlegt ofbeldi)** (Dysfunctional family processes: Domestic Violence (Specify: physical-, sexual-, and/or emotional violence)  
**Dæmi um NANDA hjúkrunargreiningar sem geta verið viðeigandi hér:** Svefntruflun; Svefnleysi; Magnleysi; Skert athafnaþrek; Vanmáttarkennd; Vonleysi; Lítil sjálfsvirðing vegna aðstæðna; Ótti; Kvíði; Vefjaskaði – sár; Langvarandi verkir; Áfall eftir nauðgun; Þögul viðbrögð; Blönduð viðbrögð.

#### NIC hjúkrunarmeðferðir

- Andlegur stuðningur (5270 Emotional Support)
- Efling stuðningskerfis (5440 Support System Enhancement)
- Ráðgjöf (5240 Counseling)
- Stuðningur við fjölskyldu (7140 Family Support)
- Styrking í hlutverki (5370 Role Enhancement)
- Tilvísun (8100 Referral)
- Virk hlustun (4920 Active Listening)

Svo virðist sem þegar séu til góðar og skýrar verklagsreglur til að nota innan mæðraverndar á heilbrigðisstofnunum, sjúkrahúsum og heilsugæslum á landinu.

Því miður hefur ekki verið tekið saman hversu ítarlega er farið eftir leiðbeiningunum í mæðravernd og ekki hafa verið tekin saman svör kvennanna sem þangað leita. Þar af leiðandi erfitt að meta hversu hátt hlutfall kvenna sem leita til mæðraverndar hafa sögu um ofbeldi í nánu sambandi. Ef vitneskjan um ofbeldið er ekki til staðar fyrir heilbrigðisstarfsfólk þá er erfitt að grípa til ráðstafana og aðstoða móður og barn. En gera mætti ráð fyrir því að leiðbeiningarnar myndu einmitt grípa þau mál þar sem er ný eða eldri saga um heimilisofbeldi.

**Hugmyndir:** Að taka saman hversu oft og hversu ítarlega er klínískum leiðbeiningum fylgt í mæðravernd og hver eru svör kvennanna varðandi ofbeldi.

## 2) SKÓLAKERFIÐ

Ein af spurningunum sem komu upp við vinnslu þessa verkefnis var: Er til verklag varðandi heimilisofbeldismál í skólakerfinu (hjá leik- og grunnskólum)?

Haft var samband við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar til að spyrjast fyrir um hvort ákveðið verklag væri til staðar innan skólanna ef upp kemur grunur eða staðfest sé að barn búi á ofbeldisheimili. Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs taldi ekki svo vera en benti á mikilvægi þess að forsenda til að bregðast við slíkri stöðu væri að skólinn hefði vitneskju um ofbeldið. Til að fá hugmynd um stöðuna innan skólakerfisins var einnig rætt við kennara, skólastjóra og

námsráðgjafa símleiðis áður en beiðni var sett saman og send til alls 30 grunn-og leikskóla á höfuðborgarsvæðinu. Í símtölum við starfsfólk innan skólakerfisins kom fram að svo virðist sem ýmsar útfærslur og nálganir séu nýttar ef upp kemur grunur eða staðfest sé að barn búi á heimili þar sem er ofbeldi í gangi. Í einhverjum tilfellum tekur nemendaverndarráð málið fyrir, þar sitja hjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi, skólastjóri og sérkennslustjóri, fundir eru tvisvar í mánuði. Í einhverjum tilfellum kemur sálfræðingur frá þjónustumiðstöð inni málið. Í öðrum tilfellum er barnavernd í samstarfi við nemendaverndarráð og upplýsir ráðið hvaða börn eru með mál í gangi hjá barnavernd, slíkir fundir barnaverndar og nemendaverndarráðs eru haldnir einu sinni á ári. Ef skóli sendir tilkynningu til barnaverndar er barnavernd hins vegar ekki heimilt að veita upplýsingar til skólans hvernig tilkynningu reiðir áfram, hvort mál sé til skoðunar og verið sé að aðstoða barnið og fjölskyldu þess eða hvort málið hafi verið látið niður falla að könnun lokinni.

Til að leitast við að fá upplýsingar um hvernig málum er háttað innan skólakerfisins var eins og áður sagði sendur póstur á 15 leikskóla og 15 grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu. Skólarnir voru valdir af handahófi en a.m.k. einn skóli af hvoru skólastigi var valinn úr hverju sveitarfélagi á höfuðborgarsvæðinu. Pósturinn var svohljóðandi:

*Góðan dag*

*Við erum að gera verkefni í Kvennaathvarfinu sem miðar að því að fá innsýn í þá þjónustu sem skólakerfið býður börnum sem búa við heimilisofbeldi. En einnig verður skoðað hvað mæðravernd og barnavernd gera þegar kemur í ljós að barn býr við heimilisofbeldi. Tekin verða eigindleg viðtöl við fimmtán dvalarkonur sem eru með börn með í dvöl í Kvennaathvarfinu til að varpa ljósi á þeirra sýn á málin. Verkefnið ber heitið "Erlendu börnin í athvarfinu - hvað segir mamma". Útkoma þessa verkefnis verður skýrsla sem gefin verður út á vormisseri 2020. Félags-og barnamálaráðherra styrkti gerð þessa verkefnis.*

*Forsenda þess að skólinn geti brugðist við er að hafa vitneskju um ofbeldi á heimili. Við spyrjum konur fyrst að því hvort sú vitneskja sé til staðar og ef við á, þá spyrjum við **hver sé aðstoðin frá skóla barnsins vegna þess að það býr við ofbeldi á heimili sínu.***

*Hér er verið að reyna að henda reiður á a) hefur skólinn verið látinn vita af heimilisofbeldinu b) er til ferli sem fer í gang þegar slík staða kemur upp.*

*Það sem mig langar að biðja þig að gera er að fræða mig um það hvort til sé verklag eða annað sambærilegt sem starfsfólk skólans styður sig við.*

*Til dæmis hvort haldnir séu fundir með foreldri/barni og kennara barns/námsráðgjafa/öðrum starfsmanni skólans vegna stöðunnar á heimilinu, hvort sé haft samband við þjónustumiðstöð og farið í teymisvinnu við félagsráðgjafana þar eða aðra starfsmenn velferðarþjónustu, svo sem barnavernd. Er alltaf send tilkynning til barnaverndar þegar skólinn hefur grun um að ofbeldi sé á heimili barnsins? Er það bara gert ef móðir lætur skólann vita af því? Er barninu boðið að ræða við skólasálfræðing, skólahjúkrunarfræðing eða eitthvað annað gert sem er hluti af verklagi þegar kemur upp að barn í skólanum búi við heimilisofbeldi. Með undirstrikun á "hluti af verklagi" þá er verið að reyna að draga*

fram hvort sé ákveðið verklag og ákveðin hjól fari í gang þegar skólinn fær vitneskju um heimilisofbeldið, en ekki hvort sé reynt að koma til móts við barnið, svona almennt séð, en það fari ef til vill eftir aðstæðum hvað sé gert hverju sinni.

Í skýrslunni sem kemur út í vor verður ekki tekið fram við hvaða skóla var rætt í tengslum við vinnslu verkefnisins og hér er alls ekki verið að reyna að dæma eða skammast úti skólakerfið fyrir að vera ef til vill ekki með handbók um hvað skal gera. Hér er verið að reyna að skilja betur aðstæðurnar sem barnið býr við, meðal annars í skólanum, og vonandi verður hægt að styðjast við niðurstöður verkefnisins til að gera enn betur.

Kveðja,

Drífa Jónasdóttir

Verkefnastýra í Kvennaathvarfinu

Því miður var lítið um heimtur frá skólunum 30 og tæpum tveimur vikum frá því fyrri póstur var sendur hafði einn leikskóli svarað fyrirspurninni. Því var sendur ítrekunarpóstur og í leiðinni var boðið upp á fræðslu af hálfu Kvennaathvarfsins þar sem markmiðið var að leiðbeina starfsfólki skólans við að bera kennsl á einkenni þess að börn búi hugsanlega við heimilisofbeldi en sömuleiðis hvaða þætti er mikilvægt að hafa á hreinu þegar bregðast skal við slíku. Einn skóli þáði boð um fræðslu.

Góðan dag,

Mig langaði vinsamlegast að ítreka beiðni mína í tölvupósti frá 12. sept sl. þar sem ég óskaði eftir upplýsingum um hvort til væri verklag í heimilisofbeldismálum í ykkar skóla og þá hvert það sé.

Einnig langaði mig til að bjóða öllu starfsfólki á ykkar vinnustað að þiggja fræðsluerindi frá sérfræðingi Kvennaathvarfsins þar sem farið væri yfir helstu vísbendingar þess að börn búi við heimilisofbeldi en einnig farið yfir þá verkferla sem mikilvægt er að séu til staðar ef slíkt mál kemur upp. Fræðslan er endurgjaldslaus og gæti verið haldin í húsakynnum skólans. Ef áhugi er fyrir hendi má senda undirritaðri tölvupóst.

Bestu kveðjur

Drífa

Verkefnastýra í Kvennaathvarfinu

Ekki voru sendir fleiri póstar né reynt að fá upplýsingar frá skólunum með öðrum hætti. Alls bárust svör frá níu skólum af 30 (30%), fimm leikskólum og fjórum grunnskólum.

Ákveðið var að birta hluta úr svörum sem bárust frá skólunum til að varpa ljósi á stöðuna og mögulega gætu aðrir skólar nýtt sér hvað er verið að gera í málaflokknum á skólastigunum tveimur.

Svör skólanna voru umorðuð og eru sett fram hér fyrir neðan.

Svar 1.

...ef kennari fær upplýsingar um heimilisofbeldi í garð nemanda gerir hann stjórnendum viðvart. Skólastjóri óskar eftir að skólahjúkrunarfræðingur skoði barnið. Séu áverkar á barninu sem kunna að benda til þess að barnið hafi verið beitt líkamlegu ofbeldi er tafarlaust haft samband við Barnavernd Reykjavíkur sem kemur þá jafnan strax í skólann og talar við barnið. Skólastjóri skrifar tilkynningu til barnaverndaryfirvalda frá skólanum í kjölfarið.

Málið er tekið upp í nemendaverndarráði. Nemendaverndarráð/skólastjóri vísar málinu til þjónustumiðstöðvar sem bráðamáli. Í kjölfar þess fær nemandinn og fjölskyldan stuðning frá þjónustumiðstöð oft með viðtölum við sálfræðing og/eða félagsráðgjafa. Í sumum tilfellum vísar þjónustumiðstöð máli barnsins til Foreldrahúss.

Svar 2.

Við erum með áfallaáætlun fyrir leikskólann okkar. Við tilkynnum alltaf ef grunur leikur á ofbeldi eða vanrækslu til barnaverndar og erum í góðu samstarfi við barnavernd, sem hafa komið hingað í leikskólann til að taka viðtöl við börn.

Svar 3.

...ef grunur vaknar um heimilisofbeldi tilkynnir skólinn til Barnaverndar. Í sumum tilfellum hafa aðrir foreldrar samband og þá hvetjum við þá til að tilkynna því Barnavernd tekur ekki við tilkynningum sem hafðar eru eftir þriðja aðila. Við hlúum að barninu hér í skólanum en látum Barnavernd um að spyrja spurninganna. Hlustum ef börnin vilja tala.

Barnið og eða fjölskyldan fær viðtöl/aðstoð í gegnum Barnaverndina til vinna með sín mál. Þessi mál eru rædd á Nemendaverndarfundum til að virkja kerfið í heild. En skólasálfræðingar hafa engin tök á að taka börn í viðtöl. Þá er vísað á Heilsugæsluna.

Svar 4.

Ég get ekki séð að við séum með verkferla sérstaklega vegna heimilisofbeldis. Við erum með verferla í sambandi við áföll, dauðsföll, náttúrhamfara, langvarandi veikinda, slysa og ýmsar félagslegar aðstæður skilnaðar, flutnings, vímuefni, atvinnuleysi og misnotktun.

Svar 5.

Leikskólastjórinn okkar er í frí eins og er og ég er ekki viss hvort það sé einhver ákveðinn verkferill vegna heimilisofbeldis sem við vinnum eftir.

Svar 6.

Verkferill ef upp kemur grunur um að nemandi í skólanum búi við heimilisofbeldi:

- Upplýsingarnar frá umsjónakennara/kennurum til stjórnenda, deildarstjóra sérdeildar eða námsráðgjafa
- Málið tekið upp á nemendaverndarráðsfundi,
- tilkynning til barnaverndar

Svar 7.

Það eru til verkferlar þegar upp kemur grunur um vanrækslu/ ofbeldi í umhverfi barna. Barnaverndaryfirvöld í bæjarfélaginu gaf út endurskoðaða verkferla á haustmánuðum. Verklagið tekur til gruns um ofbeldi, vanrækslu eða áhættu hegðun barna.

Svar 8.

Í grunnskólunum höldum við reglulega námskeið fyrir starfsmenn um verklag í málum sem eru tilkynningaskyld til foreldra og leiðbeinum starfsfólki um á hvað þurfi að horfa í stöðu barna. Við höldum líka reglulega námskeið á sviði jafnréttis og kynheilbrigðis.

Svar 9.

Við erum með verkferla og teymisvinnu (leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri svo er kallað inn deildarstjóri á viðkomandi deild) sem fer í gang ef slíkt kemur upp einnig erum við í góðri samvinnu við bæjaryfirvöldum við öll svona tilfelli. Við erum mjög heppin að síðustu árin höfum við ekki þurft að kljást við svona mál.

#### Samantekt úr svörum skólanna:

Flestir forsvarsaðilar sem svöruðu fyrirspurninni virðast hafa einhvers konar verkferla en eins og sjá má í svörum frá skólunum er allur gangur á því hvernig brugðist er við þegar upp kemur heimilisofbeldismál. Einhverjir skólar hafa ekki neina verkferla. Ekki nefna allir skólar að tilkynning sé send til barnaverndar þegar upp kemur heimilisofbeldismál í skólanum, þó slíkt sé lögbundið.

**Hugmyndir:** Mikilvægt er að allir leik-og grunnskólar starfi eftir sama verklagi. Barnaverndarstofa hefur t.a.m. sett saman verklagsreglur um tilkynningaskyldu skóla- og heilbrigðisstarfsfólks til barnaverndarnefnda vegna gruns um vanrækslu og/eða ofbeldi gagnvart barni, barn stofni eigin lífi i hættu eða lífi eða heilsu ófæddis barns sé stefnt í hættu. [Sjá hlekk hér:](http://www.bvs.is/fagfolk/verklagsreglur/verklagsreglur-skola-og-heilbrigdisstarfsfolks/) <http://www.bvs.is/fagfolk/verklagsreglur/verklagsreglur-skola-og-heilbrigdisstarfsfolks/>

Einnig eru til verklagsreglur skóla-og frístundasviðs og velferðarsviðs Reykjavíkur vegna grunnskólanemenda með fjölþættan vanda. Skjalið er frá 2015 og er í endurskoðun. Skynsamlegt væri að útbúa sambærilegt skjal vegna barna í leikskólum. Í skjalinu eru kaflar um;

- a) viðbrögð við hegðunar-og skamskiptavanda nemenda
- b) verklagsreglur gegn einelti
- c) verklagsreglur um viðbrögð við skólaskókanar—og ástundunarvanda nemenda
- d) verklagsregla um viðbrögð við lögbrotum á skólatíma og á leið nemenda til og frá skóla og alvarlegum brotum nemenda á skólareglum
- e) líkamleg inngríp í máli nemanda vegna óásættanlegrar og/eða skaðlegrar hegðunar
- f) Verklagsregla vegna trúnaðarbrests milli foreldra og skóla.

Ekki er sérstakur kafli í verklagsreglunum vegna heimilisofbeldismála en það væri heppilegt að hafa slíkan kafla í verklagsreglunum bæði fyrir leik-og grunnskóla.



## BARNAVERND REYKJAVÍKUR

Til að fá svar við spurningunni hvort sé til sérstakt verklag í heimilisofbeldismálum hjá barnavernd var haft samaband við stærstu barnaverndina á höfuðborgarsvæðinu, Barnavernd Reykjavíkur (BR). Hjá BR fengust þau svör að eftir aðkomu ráðgjafa BR með lögreglunni að málum þá er ávallt bent á möguleg viðtöl barns við sálfræðing barnaverndar. Máli er í kjölfarið úthlutað til sálfræðings, ef foreldri hefur samþykkt viðtöl við barnið. Það er svo í höndum sálfræðingsins að meta framhaldið. Það virðist því vera ákveðið verklag í heimilisofbeldismálum hjá barnavernd, í það minnsta hjá BR.

### SPURNINGALISTINN

Spurningarlisti var settur saman fyrir vinnslu þessa verkefnis. Listinn var annars vegar samantekt um meginlegar upplýsingar um barnið og hins vegar eigindlegar upplýsingar sem aflað var með viðtali við mæður barnanna. Hér fyrir neðan er yfirlit yfir þær breytur sem teknar voru saman.

#### Megindlegi hlutinn

##### Kaflí 1 - Bakgrunnsupplýsingar um barnið

1. Þjóðerni
2. Aldur
3. Kyn
4. Tungumál (hægt að merkja við fleiri en einn möguleika)
5. Mat móður á íslenskukunnáttu barns (ef við á)
6. Heildarfjöldi systkina í dvöl í athvarfi
7. Tengsl við ofbeldismann

##### Kaflí 2 - Ofbeldi sem barn hefur búið við á heimili sínu

1. Andlegt ofbeldi
2. Hvers konar
3. Hver beitti ofbeldi
4. Hversu ítrekað var ofbeldið
5. Líkamlegt ofbeldi
6. Hvers konar
7. Hver beitti ofbeldi
8. Hversu ítrekað var ofbeldið
9. Áverkar
10. Kynferðislegt ofbeldi
11. Hvers konar
12. Hver beitti ofbeldi
13. Hversu ítrekað var ofbeldið

## Eigindlegi hlutinn

### Kaflí 3 - Lífsæði

1. Er einhver sem barnið getur talað við
2. Á barnið góðan vin/vinkonu í skólanum
3. Hefur barnið fengið vin/vinkonu með heim eftir skóla
4. Stundar barnið skipulagðar íþróttir
5. Er barnið í tónlistarnámi
6. Er barnið með annað áhugamál/afþreyingu sem því finnst gaman að stunda

### Kaflí 4 - Aðstoð við barnið vegna þess ofbeldis sem það býr við á heimilinu?


1. Vissi mæðravernd/heilsugæsla af heimilisofbeldinu?
2. Ef við á; Gerði starfsfólk mæðraverndar/heilsugæslu eitthvað til að aðstoða konu og/eða barn á meðgöngu, í fæðingu og fyrsta árið eftir fæðinu barnsins?
3. Ef já, hvers konar þjónustu, hversu lengi, í hvaða formi, hver veitti hana, hver greiddi fyrir hana, eru framtíðarplön varðandi þjónustuna?
4. Veit leikskóli / grunnskóli barnsins af heimilisofbeldinu?
5. Ef við á; Hefur barnið fengið aðstoð hjá leikskóla/grunnskóla vegna þess að það býr á ofbeldisheimili? (Hér er ekki átt við almennt viðtal við t.d. námsráðgjafa/skólasálfræðing vegna t.d. slæmrar hegðunar í skólanum).
6. Ef já, hvers konar þjónustu, hversu lengi, í hvaða formi, hver veitti hana, hver greiddi fyrir hana, eru framtíðarplön varðandi þjónustuna?
7. Hefur það ofbeldi sem barnið þitt varð fyrir verið tilkynnt til barnaverndar?
8. Hefur þú eða barnið fengið aðstoð frá barnavernd vegna heimilisofbeldis?
9. Hefur það ofbeldi sem barnið þitt varð fyrir verið tilkynnt / kært til lögreglu?
10. Ef já, Hver var reynsla þín og barnsins af þjónustunni í kerfinu? Fannst þér hún hjálpa? Hvað var hjálplegt? Hvað hefði mátt betur fara? Kom þekking fagaðila, fjárhagur, félagsleg staða eða annað að einhverju leiti inni þína upplifun af þjónustunni?
11. Hvernig myndir þú vilja að kerfið aðstoði þitt barn vegna þess ofbeldis sem það býr við?
12. Telur þú að eitthvað annað en aðstoð úr kerfinu myndi hjálpa barninu þínu? (t.d. einhver nákokminn sem barnið getur talað við, ættingi, nágrenni, vinur). Ef já, þá hvað?

## NIÐURSTÖÐUR ÚR RANNSÓKN

**Megindlegur hluti**

## KAFLI 1 – BAKGRUNNUR BARNANNA

Hér á eftir verða tekin saman svör mæðranna sem tóku þátt í þessari rannsókn. Alls voru mæðurnar 12 og börnin þeirra voru 15 talsins. Athugið að í einhverjum tilfellum átti spurningin ekki við, til dæmis vegna ungs aldurs barnsins. Í þeim tilfellum var samt sem áður ákveðið að birta kökurit með dreifingu svara. Í texta eru svo skýringar og samantekt dreifingar svara þeirra mæðra sem töldu að spurningin ætti við um barnið. Það felast ákveðnar upplýsingar í svörum þegar móðir segir „á ekki við“ og því var sá svarmöguleiki látinn fylgja með.



Mynd 2. Uppruni barna sem tóku þátt – svör móður

## UPPRUNI BARNNS

Öll börnin eiga það sameiginlegt að eiga móður sem er ekki íslensk og að hún hafi sjálf skilgreint sig í viðtali í athvarfinu sem konu af erlendum uppruna. Mæðurnar voru beðnar að segja okkur hvernig þær skilgreindu uppruna barna sinna. Alls skilgreindu þær 47% barnanna með íslenskan uppruna og 53% barna voru skilgreind með erlendan uppruna. Mæðurnar sem tóku þátt í þessu verkefni höfðu dvalið misjafnlega lengi á Íslandi. Börnin þeirra voru ýmist fædd hér á landi eða erlendis og eiga ýmist íslenska eða erlenda feður.

## ALDUR OG KYN

Börnin í þessu verkefni voru á aldrinum tveggja mánaða uppí 16 ára þegar viðtölin við mæður þeirra voru tekin. Drengir voru sjö og stúlkur voru átta.

## TUNGUMÁL OG ÍSLENSKUKUNNÁTTA BARNIS

13 börn voru farin að tala þegar viðtalið var tekið og voru mæður þeirra beðnar að segja hvaða tungumál barnið skilur og talar. Ekkert barnanna talaði einungis íslensku og þrjú töluðu aðeins móðurmálið. Af þeim börnum sem voru farin að tala voru 77% tvítyngd.

Mæður voru beðnar að meta íslenskukunnáttu barns á skalanum 1=ekki góð uppí 5=mjög góð. Einungis mæður sem áttu börn sem voru farin að tala fengu spurningu um hversu góða íslensku börnin töluðu. Alls voru 13 börn farin að tala en ein móðir gat ekki svarað þessari spurningu. 42% mátu íslenskukunnáttu barnsins mjög góða, ein móðir mat kunnáttu barnsins góða, tvær mátu kunnáttuna hvorki né (17%), ein mat hana ekki góða og 25% mátu hana alls ekki góða. Í þeim hópi mæðra sem mátu kunnáttu barns á íslensku mjög góða voru systkini sem höfðu búið alla ævi á Íslandi og eru komin á grunnskólaaldur.

## TENGLS VIÐ GERANDA

Gerandurnir í ofbeldinu gagnvart barninu voru í öllum tilfellum feður barnanna.

## KAFLI 2 - OFBELDI SEM BARN HEFUR BÚIÐ VIÐ Á HEIMILI SÍNU; TEGUND, TÍÐNI, ÁVERKAR

### ANDLEGT OFBELDI

Spurningin var orðuð svona:

*Hefur barnið verið beitt ANDLEGU ofbeldi á heimili sínu? Með andlegu ofbeldi er t.d. átt við að hóta, gera lítið úr, tala niður til, ógna, öskra á, einangra eða uppnefna.*

Alls höfðu 80% barnanna verið beitt andlegu ofbeldi. Ein kona (7%) sagðist ekki vita svarið og 13% sagði „nei“ við spurningunni.

Hér fyrir neðan eru dæmi um það ofbeldi sem börnin hafa búið við:

1. Öskur og barsmíðar. Hann hefur séð allt. Frá því hann var núll ára.
2. Faðir beitir móður andlegu ofbeldi - hefur orðið vitni að því oft.
3. Vitni að öskrum og barsmíðum föður í garð móður.
4. Ef yngra barn var sofandi, þá réðist hann á móður, var alveg sama að hræða eldra barnið með því að t.d. öskra á móður. Faðir kýldi mömmuna þegar x var sofandi við hliðina á henni.
5. Eldra barnið datt þegar móðir gaf yngra barni brjóst, faðir labbaði yfir barnið á gólfinu og varð síðan reiður þegar eldra barn hætti ekki að gráta.
6. Faðir lagði aldrei hendur á börnin. Börn oft vitni að öskrum og barsmíðum föður í garð móður.
7. Hann réðist á hana þegar hún hélt á barninu, hrinti henni og öskraði á hana - mamma hennar var þarna og hann hélt í sér að beita konu meira ofbeldi. Mamman hringdi í lögregluna.
8. Öskrað á barn. Ógnandi hegðun föður.
9. Oft kallað x illum nöfnum, hótandi og ógnandi hegðun á heimilinu.
10. Öskrað á barn, ógnandi hegðun.
11. Barnið oft vitni að öskrum og rifrildi.
12. Talað niður til barns og öskrað á það.

Þegar spurt var um tíðni andlega ofbeldisins kom í ljós að í 92% tilfella höfðu börnin búið við ofbeldið alla sína ævi eða 11 börn af þeim 12 börnum sem höfðu búið við andlegt ofbeldi. Eingöngu eitt barn á grunnskólaaldri hafði búið við ofbeldið síðastliðin 3 ár.

## LÍKAMLEGT OFBELDI

Spurt var um líkamlegt ofbeldi í garð barns. Spurningin var orðuð svona:

*Hefur barnið verið beitt LÍKAMLEGU ofbeldi á heimili sínu? Með líkamlegu ofbeldi er t.d. átt við að sparka, klóra, kýla, slá utan undir, hrista, brenna, binda, beita vopni, kæfa, kyrkja, loka barn inni eða flengja barn.*

Mæður sjö barna af 15 (47%) greindu frá því að börnin hefðu verið beitt líkamlegu ofbeldi.

Dæmi um líkamlegt ofbeldi:

1. Hrint barninu.
2. Þrifið í barnið. Lamið á hendi og mjög oft flengt x.
3. Þvingað barnið til að setjast (í innkaupakerru, barnastól, í bílsætið), haldið barninu föstu. „He is always forcing x“
4. Dregið barnið inní herbergi á handleggnum. Flengt barnið oft og mörgum sinnum.
5. Beitt harðræði – móðir treysti sér ekki til að greina nánar frá því í þessu viðtali.
6. Faðir hefur „hent“ barninu inní herbergið sitt.
7. Faðir henti eldhúsrúllu stadífi í móður, rúllan fór í barnið og járnstadífið í móður.

Varðandi tíðni líkamlega ofbeldisins þá var svarið hjá mæðrum þriggja barna af sjö (43%) „oft“ en hinar fjórar (57%) sögðu að ofbeldið hefði staðið frá fæðingu barns/alla ævi barnsins.

Ein móðir greindi frá því að barnið hefði fengið líkamlega áverka í kjölfar ofbeldisins.

Engin mæðranna sem tók þátt í þessu verkefni greindi frá því að barn þeirra hefði verið beitt kynferðislegu ofbeldi.

<b>Eigindlegur hluti:</b>
---------------------------


## KAFLI 3 – LÍFSGÆÐI BARNANNA

- Er einhver sem barnið getur talað við
- Á barnið góðan vin/vinkonu í skólanum
- Hefur barnið fengið vin/vinkonu með heim eftir skóla
- Stundar barnið skipulagðar íþróttir
- Er barnið í tónlistarnámi
- Er barnið með annað áhugamál/afþreyingu sem því finnst gaman að stunda

SVÖR

Athugið að kökuritin í þessum hluta rannsóknar sýna dreifingu svara mæðra barnanna 15 sem tóku þátt. Dreifing svaranna á ekki við um öll börnin í þessari rannsókn þar sem sum þeirra hafa ekki aldur og/eða þroska til að spurningarnar eigi við um þau. Í einhverjum tilfellum hefur barnið verið á miklum flutningum og þess vegna ekki náð að mynda tengsl við jafnaldra eða stunda einhvers konar afþreyingu eða vera í skóla. Engu að síður var ákveðið að hafa inni svör mæðranna þegar þær sögðu „á ekki við“ þar sem ákveðnar upplýsingar felast í þeim niðurstöðum.

Spurningin var orðuð svona: *Hefur barnið einhvern sem það getur talað við.*



Mynd 3. Svör móður – Hefur barnið einhvern sem það getur talað við?

Ef við drögum frá þau fimm börn sem spurningin á ekki við um, þá standa eftir tíu börn. Af þeim eru sex börn (60%) sem hafa einhvern að tala við. Fjögur börn (40%) hafa engan til að tala við að sögn móður þeirra.

Næsta spurning var um vinina. Spurt var hvort barnið ætti góða/n vin/vinkonu í skólanum.

Aftur, þá átti spurningin við tíu börn af 15. Alls áttu 70% barnanna góðan vin/konu í skólanum en 30% þeirra áttu ekki góða/n vin/konu í skólanum samkvæmt svörum móður.

Við spurðum hvort barnið hafi einhvern tíman fengið vin/vinkonu með sér heim eftir skóla. Ef við drögum frá börnin sem spurningin á ekki við um þá eru 30% barnanna sem hafa aldrei fengið vin heim eftir skóla. Svárið „já, oft“ átti við um 20% barnanna, „já, stundum“ eða „já, sjaldan“ átti við um 50% barnanna.

Að æfa íþróttir, að læra á hljóðfæri eða að vera með áhugamál hefur verið talið til lífsgæða barna. Við spurðum mæðurnar úti þá þætti. Mæður tíu barna töldu spurningar eiga við um sín börn og svöruðu spurningunum á eftirfarandi hátt:

Spurt var: „Stundar barnið skipulagðar íþróttir?“ „Nei“ sögðu 50% og „Já“ sögðu 50%.

Spurt var: „Er barnið í tónlistarnámi?“ „Nei“ sögðu 100% og „Já“ sögðu 0%.

Spurt var: „Er barnið með annað áhugamál/afþreyingu sem því finnst gaman?“ „Nei“ sögðu 50% og „Já“ sögðu 50%.

#### KAFLI 4 – AÐSTOÐ VEGNA OFBELDIS Á HEIMILINU

Alls voru fjórir þættir skoðaðir í þessari rannsókn 1) mæðravernd, 2) skóli, 3) barnavernd/lögregla og 4) reynsla móður. Þrjár spurningar voru í hverjum þætti og alls eru því spurningarnar í þessum kafla 12 talsins.


- 1) Spurningar varðandi **mæðravernd** eins og þær voru orðaðar í viðtalinu og svör mæðranna eru birtar hér fyrir neðan:

##### *Spurning 1: Vissi mæðravernd/heilsugæsla af heimilisofbeldinu?*

Af þeim tíu mæðrum sem fannst spurningin eiga við um sig sögðu einungis 30% þeirra svo vera, 60% sögðu „nei“ og 10% (ein kona) sagðist ekki vita það. Í þeim tilfellum þar sem spurningin átti ekki við, getur það verið vegna þess að barnið fæddist ekki hér á landi, konan leitaði ekki á stofnanir vegna ofbeldisins og enginn vissi því af heimilisofbeldinu eða að ofbeldið hafi byrjað eftir fæðingu barnsins.



*Spurning 2: Gerði starfsfólk mæðraverndar/heilsugæslu eitthvað til að aðstoða konu og/eða barn á meðgöngu, í fæðingu og fyrsta árið eftir fæðingu barnsins?*



*Mynd 4. Svör móður við spurningunni hvort starfsfólk mæðraverndar/heilsugæslu hafi aðstoðað*

Hafa verður í huga að hér er um lítið úrtak að ræða og ekki alltaf sem spurningin á við. Hér eru sex konur sem segja „á ekki við“. Af þeim níu konum sem spurningin átti við um þá sögðu sex þeirra (67%) að mæðravernd hefði ekki gert neitt, 22% sögðust ekki vita það og 11% (ein kona) sagði að mæðraverndin hefði gert eitthvað til að aðstoða.

*Spurning 3: Ef já, hvers konar þjónustu, hversu lengi, í hvaða formi, hver veitti hana, hver greiddi fyrir hana, eru framtíðarplön varðandi þjónustuna?*

Konan sem sagði að mæðravernd hefði aðstoðað sig nefndi að Landspítali hafi útvegað sér sálfræðing.

- 2) Spurningar varðandi **skólakerfið** eins og þær voru orðaðar í viðtalinu og svör mæðranna eru birtar hér fyrir neðan:

*Spurning 4: Veit leikskóli / grunnskóli barnsins af heimilisofbeldinu?*

Almennt séð virðist skólakerfið vita af ástandinu á heimilinu (100%) ef dregin eru frá þau tvö börn sem eru ekki komin inní skólakerfið. Þau tvö tilfelli þar sem spurningin á ekki við var annars vegar vegna þess að barnið var ekki komið á leikskóla aldur og hitt tilfellið var vegna þess að móðir hafði ekki fengið pláss fyrir barnið vegna ítrekaðra flutninga sem stöfuðu af ofbeldinu á heimili móður og barns.

*Spurning 5: Ef við á; Hefur barnið fengið aðstoð hjá leikskóla/grunnskóla vegna þess að það býr á ofbeldisheimili? (Hér er ekki átt við almennt viðtal við t.d. námsráðgjafa/skólasálfræðing vegna t.d. slæmrar hegðunar í skólanum).*

Prettán börn af fimmtán voru komin í leikskóla eða grunnskóla. Ef við drögum frá þau tvö svör sem eiga ekki við þá segjast fjórar mæður af 13 (31%) ekki hafa fengið aðstoð fyrir barnið sitt en 69% segjast hafa fengið aðstoð.

*Spurning 6: Ef já, hvers konar þjónustu, hversu lengi, í hvaða formi, hver veitti hana, hver greiddi fyrir hana, eru framtíðarplön varðandi þjónustuna?*

Hér fyrir neðan eru svör kvennanna eins og þau voru skrifuð niður í viðtalinu. Svör mæðranna voru sum hver klippt í sundur og eru því fleiri en fjögur.

- Konan sem vann á leikskólanum sá hvað var í gangi og tilkynnti til barnaverndar og leiðbeindi konu með næstu skref.
- Kona í leikskólanum benti konu á athvarfið og aðstoðaði hana við að komast frá ofbeldismanninum.
- Kona er að bíða eftir hegðunarmati, barnið sýnir mikla ofbeldishegðun, slær og kýlir móður, skallar móður o.s.frv. Móður grunar að ofbeldishegðun barnsins (er á leikskóla) sé afleiðing af því mikla ofbeldi sem faðir hefur beitt móður fyrir framan barnið og sömuleiðis beitt x líkamlegu ofbeldi.
- Barn hefur ekki verið á leikskóla (verður 2ja ára á árinu 2020) – verið á miklu flakki frá fæðingu vegna ofbeldisins.
- Hringdu í hana, voru hlýleg og veittu henni stuðning innan skólans
- Honum var hjálpað í skólanum þegar honum leið illa.
- Eftir að barnið sagði leikskólakennaranum hvað kom fyrir móður sína þá tilkynntu þau málið til barnaverndar og studdu vel við barnið.

- 3) Spurningar varðandi **barnavernd og lögregluna** eins og þær voru orðaðar í viðtalinu og svör mæðranna eru birtar hér fyrir neðan:


*Spurning 7: Hefur það ofbeldi sem barnið þitt varð fyrir verið tilkynnt til barnaverndar?*

Af mæðrunum sem svöruðu spurningunni þá hafði ofbeldið verið tilkynnt til barnaverndar áður en konan kom í athvarfið í 93% tilfella eða í öllum nema einu tilfelli.

*Spurning 8: Hefur þú eða barnið fengið aðstoð frá barnavernd vegna heimilisofbeldisins?*

67% sögðu að hvorki hún sjálf né barnið hafi fengið þjónustu frá barnavernd vegna ofbeldisins. Hins vegar segjast 33% hafa fengið þjónustu frá barnavernd.

*Spurning 9: Hefur það ofbeldi sem barnið þitt varð fyrir verið tilkynnt / kært til lögreglu?*



*Mynd 5. Svör móður – tilkynningar/kærur til lögreglu*

Tæp 47% greina frá því að ofbeldið sem barnið hefur orðið fyrir hafi verið skráð hjá lögreglu. Rúm 26% sögðu „nei“ við þessari spurningu og telja ofbeldið ekki hafa verið skráð hjá lögreglu. Áhugavert er að sjá að rúm 26% vita ekki svarið við spurningunni. Hvers vegna er ekki ljóst, mögulega þekja þær ekki ferlið hjá lögreglu hér á Íslandi eða hafa ekki nægilega góða tungumálakunnáttu til að kynna sér stöðu mála?

#### 4) Spurningar varðandi upplifun og reynslu móður og barns af þjónustu í kerfinu almennt.

*Spurning 10: Ef já, við spurningu hvort móðirin hafi einhverja reynslu úr kerfinu; Hver var reynsla þín og barnsins af þjónustunni í kerfinu? Fannst þér hún hjálpa? Hvað var hjálplegt? Hvað hefði mátt betur fara? Kom þekking fagaðila, fjárhagur, félagsleg staða eða annað að einhverju leiti inni þína upplifun af þjónustunni?*

Hér fyrir neðan eru svör mæðranna við spurningu 10, en setningarnar hafa verið klipptar í tvennt og eru því fleiri en 15:

- Barnavernd ætti að bjóða meiri sálfræðiaðstoð. X hefur verið hjá sálfræðingi SÁÁ og á vistheimili.
- Faktískt engin þjónusta hjá barnavernd.
- Barnavernd vissi allt en gerðu ekkert.
- Lítil reynsla – gat ekki sagt til um það
- Kona þorði ekki að segja neitt þegar hún bjó í heimalandinu – hér er allt gott. Lögreglan, félagsráðgjafi, leikskólinn og kvennaathvarfið létu barnavernd vita, lögfræðingur kominn í málið, mjög gott.
- Góð heimasíða hjá Kvennaathvarfinu – var búin að finna upplýsingar þar um hvað ætti að gera til að komast burt.
- „If the police in poland would be like in Iceland I would have left him much earlier.“
- Lítil reynsla konu, barnið hefur ekki verið á leikskólum út af miklum flutningum.
- Félagsþjónustan mjög góð – setti konu afarkosti, annað hvort fara í athvarfið með barnið eða barnið yrði tekið af henni. Barnið var í athvarfinu í 5 mánuði og var ekki í skóla á meðan né í samskiptum við vini eða samnemendur (búsett á landsbyggðinni)
- Hrædd við lögregluna í Póllandi en ekki hér. Lögreglan hér hjálpar mjög mikið.
- Hefur ekki mikla reynslu, barnið ekki komið inni skólakerfið.
- Félagsþjónustan mjög góð, en fjárhagsstaða konu hefur breyst mjög mikið eftir skilnaðinn. Félagsþjónustan gat hjálpað og leiðbeint með það.
- Barnavernd aðstoðaði með að takmarka umgengi föður við börnin og það hjálpi börnunum mikið því þau vilji ekki hitta föður.
- Barnavernd studdi konu vel og aðstoðaði varðandi börnin.
- Þau fengu fjölskylduráðgjafa sem kom og ræddi um áhrif ofbeldis á fjölskylduna, en kona segir karl ekkert hafa hlustað á það.
- Kona segir einnig að hún sé ánægð með félagsþjónustuna en kona segir að BV hafi ekkert stutt þau.
- Fannst hjálpa eftir að skólinn vissi að kona var í Kvennaathvarfinu, kona segir að hún hafi átt erfitt með að halda áætlun með heimanámið þar sem barn hennar er með röskun og að hún hafi upplifað skilning og aðstoð með það.

- Alltaf lokað í barnavernd þegar kona ætlaði þangað – þegar hún náði í gegn fannst henni erfitt að þurfa að skrá nafn sitt þar sem hún vildi ráðleggingar en var hrædd við karlinn.
- Leikskólinn og skólinn voru hjálpleg og sýndu stuðning.
- Gott að starfsfólkið sýndi umhyggju á leikskólanum í garð barns með að knúsa hann.

*Spurning 11: Hvernig myndir þú vilja að kerfið aðstoði þitt barn vegna þess ofbeldis sem það býr við?*

Ekki allar konurnar höfðu ákveðna hugmynd um aðstoð eða ekki hefur enn reynt á það.

- Málið er langt komið í kerfinu, hafa verið mikil afskipti frá kerfinu. Börnin búa ekki á heimilinu núna, hafa verið í fóstri.
- Sálfræðihjálp fyrir eldra barnið, x breyttist eftir að móðir var tekin af heimilinu og faðir skilinn eftir heima með börnin.
- Engin þjónusta sem hefði átt að fara í gang að mati konu.
- Ég þurfti sjálf að vakna. Gott að fá að tala um þetta. Sagði engum frá þessu, en mamma hennar vissi þetta og systir hennar. Kona hummaði alltaf af sér skýringar varðandi áverkana, eða með að augun væru bólgin og notaði linsudropa til að þykjast vera með þurrk í augum. Nú eru fjölskyldan glöð að ég er farin. Allir vildu hjálpa.
- Allt tekur tíma, ég veit að ferlið er að byrja. Barnið er bara nýkomið á leikskóla því þau hafa verið hér í stuttan tíma, móðir átti ekki pening fyrir að láta þýða fæðingarvottorðið, gat ekki byrjað að vinna strax hér því hún var ekki með kennitölu, dróst að barn fékk sjálft kennitölu og komst ekki á leikskóla strax sem tafði einnig að móðir gat byrjað að vinna.
- Væri gott að fá betri eftirfylgni og símtöl öðru hvoru til að tékka hvort allt sé í lagi. Kona hefði einnig viljað fá meiri stuðning og hjálpa við að ráða við þegar barnið aktar út þar sem kona er sjálf ekki í góðu jafnvægi. Kona segir að vegna menningarmunar sé erfitt fyrir hana að vita hvernig hún má aga barn sitt.
- Kona segir erfitt að ná í félagsráðgjafa sinn og að hún hringi ekki tilbaka þrátt fyrir að kona sendi henni skilaboð. Konu finnst að hún mætti fá betri stuðning frá félagsþjónustunni.
- Barnavernd ætti að taka það meira alvarlega þegar einhver vill koma og gefa skýrslu, þau ættu að gefa sér meiri tíma til að rannsaka málin. Þau ættu að bregðast hraðar við þar sem börn þurfa oft að það sé brugðist hratt við. Þau ættu einnig að bjóða börnum úrræði þar sem þau geti lært að takast á við áföllin sem þau hafa orðið fyrir. kona myndi einnig vilja sjá að námsráðgjafi í skólanum myndi koma 1 -2svar í viku og spjalla við barnið og athuga hvernig honum liði og þar með geta brugðist við ef það er eitthvað þar sem væri að valda honum streitu. Konu finnst að skólinn ætti að kenna börnum að tjá sig og fá útrás í gegnum listsköpum og tónlist og kenna þeim að tjá tilfinningar sínar og tala um þær.

- Fá meiri stuðning kona telur kerfið vera gott en segir að þegar manneskja vilji öðlast nýtt líf þá sé það mjög erfitt. Kona myndi vilja eftirfylgni í einhvern tíma á eftir.

*Spurning 12: Telur þú að eitthvað annað en aðstoð úr kerfinu myndi hjálpa barninu þínu? (t.d. einhver nákokminn sem barnið getur talað við, ættingi, nágranni, vinur). Ef já, þá hvað?*

Hér eru svör kvennanna:

- Leyfa þeim að vera börn aftur. Hafa þurft að alast svo hratt upp. Þekkja of vel 112 og hafa þurft að vera á varðbergi alla tíð (eru á grunnskólaaldri).
- Ég hef ekki reynslu til að segja.
- Veit ekki hvert ég fer eftir dvöl, svo ég veit ekki hvað verður í boði.
- Konu finnst það koma til greina að einhver sem barnið þekkir gæti komið og gert eitthvað skemmtilegt með barninu og gefið því tækifæri til að spjalla. Kona hefur samt áhyggjur af því hvort hún gæti treyst einhverjum til að vera einum barninu og þá sérstaklega ef manneskjan væri karlkyns.
- Kona segir að auðvitað hjálpi allt en þegar þú flytur þá er heimili auðvitað heimili og þú verður að gera það sem hægt er með því sem þú hefur.
- Konu finnst henni vanta aðstoð og stuðning og finnst að það mætti virkja alla sem gætu hjálpað.
- Barnið getur talað við guðmóður sína og vinkonu konu og kona segir að barnið nýti sér það og að það hjálpi.

## **Fjármögnun**

Félags- og barnamálaráðuneytið; Þróunarsjóður innflytjendamála veitti Kvennaathvarfinu 500.000 króna styrk til vinnslu þessa verkefnis.